TIMBUR

SPÁNNÝR VÖRUFORÐI

Vér afgreiðum yður fljótt og greiðlega og gjörum yður í fylsta máta ánægða. Spyrjið þá sem verzla við oss.

The Empire Sash & Door Co., Limited

Phone Main 2511 Henry Ave. East. Winnipeg

THE WESTERN BROKERS AND BUSINESS EXCHANGE.

Suite 403, 4. gólfi Avenue Block, 265 Portage Ave. Skrifstofu tímar: 7.30 til 9. á hverju kveldi.

T. M. GROVE, Ráðsmaður.

Tals. Main 7813. Heima Ft. Rouge 369

TIL VIÐSKIFTAMANNA

Oss langar til að þér lesið tilkynning ar vorar vikulega, í yðar eigin blaði. Síðastliðin 5 ár hafa viðskifti vor farið vaxandi við íslendinga, og er oss því ánægju í því að láta þess getið í yðar eigin blaði, hvað vér höfum til sölu í fasteignum og verzlunum og fjármálafyrirtækjum af ýmsu tagi.

En vér vildum biðja þá sem skrifa oss í sambandi við þessar auglýsingar að skrifa oss á ensku, því það gjörir oss léttara fyrir á skrifstofunni.

Ef þér gjörið það að fastri reglu að yfirfara með hverju blaði þessa dálka vora, þá erum vér vissir um að þér verðið ýmissa hluta varir er orðið gætu yður til aðstoðar í viðleitni yðar að komast áfram til efnalegs sjálfstæðis, sem þér eruð svo vel byrjaðir á. Tækifærin eru mörg, ef þau eru séð nákvæmlega skoðuð.

KAFFIHÚS, ÁVAXTA OG BRAUÐSÖLU búð í bænum, á aðalstrætnu. Verzlun þessi er tólf ára gömul og hefir gjört um $8,000 umsetningu árlega. Mundi það veita um $225.00 mánaðarlega í hreinan ágóða. Búðin er á nebsta gólfi í "brick" byggingu og fyrir ofan eru íbúðir. Tilboð þetta væri þess vert að athuga, verzlanin hefir ávalt verið happasæl. Ef þér hafið $1200 í peningum, eða þó minna væri, og einhverja góða bæjar fasteign að leggja þetta geta kaup tekist.

Í SKIFTUM:—VÉR HÖFUM UMBOÐ Á timburhúsi þrilyftu, á Aubry Street, stræti sunnar en Portage á 33 feta lóð. Byggði eigandi það handa sér. Það er hitað með hita vatnsleiðslu, í því er eldtæði opið, svefn svalir, smástofa, (den) ofl. Skuldlausar bæjarlóðir teknar í skiftum með $1500 í peningum.

MATSÖLUBÚÐ OG LANDSAFURÐAR verzlun á einum fjölfarnasta stað Winnipeg bæjar. Verzlanin er 4 ára gömul Umsetning rúmt $28,000.00 árlega, eða $2,400 áhverjum mánuði, svo að hreinn ágóði er yfir $250 á mánuði. Búðin stendur á horni, gluggar stórir fyrir vörusýningu. Þetta er gott kaup fyrir hagsýnan mann er lagt gæti í það um $1500, með því áhættu minsta hér í vestur landinu.

VÉR HÖFUM TÆKIFÆRI AÐ KOMA hagsýnum járnvörusala vel fyrir í framfara bæ um 50 mílur frá Regina. Þar býður hans ágætis búð er nú fæst á leigu.

TIL SÖLU, NÝTÍZKU COTTAGE MEÐ sex herberjum, á Nassau Street, milli Beresford og Rosedale. Verð $3 000—ekkert veðlán. Ef þú getur borgað $1,000 í peningum tekur eigandinn sölusamning fyrir því sem afgangs er. Ef þér er það ekki hægt, þá að borga $300 niður og taka veðlán á eignina og borga eiganda af því.

LYFSALA TÆKIFÆRI. VILDIR ÞÚ byrja verzlun í alveg nýrri búð í suður Winnipeg, þar sem engin keppinautur er nálægt. Vér þekkjum mann sem er tilbúinn að byggja ef þú vilt. Vér gefum upplýsingar.

JARNVÖRUBÚÐ Í SUÐUR MANITOBA sem gaf af sér undir fyrverandi fyrirkomulagi $50,000 á ári og hreinan ágóða $6,000. Núverandi eigandi ekki verkinu vaxinn, vill skifta fyrir bæjar lóðir eða bújarðir og $3,000 til $4,000 í peningum.—Spyrjið um þetta.

Í SKIFTUM. EIGANDI LITILLAR bújarðar, hálfa mílu frá Douglas, Man. vill skifta fyrir litlið hús í borginni. Veðlán á jörðinni aðeins $1500. Aðeins vextirnir þurfa að borgast, lánið þarf ekki að borgast um langan tíma. Ef þú átt litlar eignir þá er hér tækifæri. Aðeins $500 til $600 í peningum og afgang má borga eftir samningi; 100 ekrur plægðar, 75 ekrur undir hveiti. Góðar byggingar, ágætt vatnsból, enskumælandi nágrannar. Fæst til ábúðar strax.

KLÆÐSKERA VERZLUN Á NOTRE Dame Ave. West. Húsaleiga aðeins $17.50 um mánuðinn. Verzlunin þriggja ára gömul. Unnið nótt og dag til þess að fullnægja kröfum viðskiftamanna. Eigendurnir verða að gefa sig við öðrum störfum og verða því að selja. Verð aðeins $700 í peningum eða 08.50 á tíma.

STÓRSÖLU VINBÚÐ Í SASKATCHEWAN sem hefir vaxið úr 25 íbúum 1908 í 1000, 1913. Meiri vöxturinn. Vörur, inréttingar, skápar, borð og þess háttar og verzlunin, $25000. Þessi búð selur upp á $60,000 á ári, eða $5,000 á mánuði. Skilmálar eru þessir: $15,000 og afgangurinn hérumbil eftir vild.

HOTEL Í MANITOBA, 70 MÍLUR FRÁ Souris.—Kvikfjár og jarðyrkju rækt í héraðinu umhverfis, íbúatala 200, eggin keppinautur, tveggja lasiu hús, 17 svefnherbergi, stór veitingastofa, borðstofa og eldhús. Banka skýrslur sýna jafnaðar inntektir $1100 á mánuði, í seinustu sex mánuðina á nærliðnu ári, og var þó fremur hart í búi viða. Ef þú hefir $2500 og eign í borginni, þá getum vér gjört kaupsamninganna.

VERKFÆRA OG BRÓSUNAR VERKstæði í Winnipeg. Viðskifta maður okkar má til að fara til Evrópu, og bið ég því þetta fyrirtaks gróða fyrirtækifyrirtæki mjög ódýrt. Það er því sem næst engin mótsetning í Winnipeg í þessari verzlunar grein. Allir vita að á þessum tíma árs er mest að gjöra. Notið þetta tækifæri til að komast í verplun sjálfur.

ÞAÐ BIÐUR ÞÍN HEIMILI. ALLA langar til að eiga heimili. Hér er hús fyrir þig á Kylemore Ave. Sex herbergja hús, stein steypu undirstaða, með litlum kjalara, hitunar vél, vatns þró með pumpu. Verandah að framan forsalur, setustofa, borðstofa, eldhús, sumar eldhús, boðherbergi og tvö svefnherbergi, $250 í peningum og $25 á mánuði að meðtöldum höfuðstól og rentu. Tapið ekki þessu tækifæri.

BÚJÖRÐ, 640 EKRUR, Í HINU FRÆGA "Cottonwood" hveiti héraði milli Pense og Lumsden, Sask. Landið alt girt og þvergirt, stórt íbúðarhús, byggt úr cement blokkum, umgirt, ávaxtagarður að baki, stórt gripahús, hveitihlaða og verkfærahús, vatns ból ágætt. 600 ekrur ræktaðar, veðlán minna en $3000 Hér er tækifæri fyrir líklegan mann sem á $3000 að kaupa þessa eign, fá meira veðlán á landið og borga eigandanum, og semja svo um afganginn. Þið sjáið hversu hæglega þetta er gjört og kaupandinn gæti orðið vel megandi bóndi.

MATVÖRU OG ÁVAXTA VERZLUN í borginni, á aðalstræti, hornbúð mjög arðvænleg. Umsetning $2200 á mánuði, hreinn ágóði $225. Vörurnar og útbúnaður $3200. Fyrsta borgun $2500, afgangur eftir samningi.

KLÆÐSKERA VERZLUN Í SUÐUR Winnipeg. Hér er tækifæri. $400 kaupa alltsaman. Ein með bestu klæðskera verzlunum í borginni. Fáið strax upplýsingar.

MATSÖLU OG GISTIHÚS. EF ÞÉR eruð að lita eftir gróða fyrirtæki þá komið og talið við oss. Leiðbeiningaskrá viðskiftamanna vorri er á ýtri skrifstofu vorri. Venjið yður að lesa hana daglega.

KJÖTVERZUN Í BORGINNI Á CORYdon Ave. Þar getur þú keypt eina af beztu smáverzlunum borgarinnar fyrir aðeins $300.

ST. JAMES—HIÐ FAGRA HVERFI Winnipeg borgar. Vér höfum til sölu litið hús á Inglewood Street, góðan spól austur frá Deer Lodge, 6 mínútna gangur frá strætisvagni. Verð $2700. Fyrsta borgun $300. Vægir skilmálar eigandi mundi taka bygginga lóðir að nokkrum hluta.

HOTEL MEÐFRAM MANITOBA OG Norðvestur álmu C. P. R. brautarinnar í góðum bæ í Saskatchewan, með 100 íbúum. Næstu keppinautar í 11 mílna fjarlægð. Byggingin er tvær hæðir, byggð úr timbri, stærð 50x70, 19 svefnherbergi. Meðal afrakstur af drykkjuskála er $169050, Gisting, árlegt meðaltal $4380. Öll umsetning $24666.24, sem gefur hreinan ágóða $7,433.36 eða $620.25 á mánuði. Fæst fyrir $5,000 í peningum og bæjar eða landeignir fyrir afgangin. Núverandi eigendur hafa átt hótelið í fjögur ár. Það er ekki eitt af þeim sem altaf er að skifta um eigendur.

GULL OG GLERAUGNA VERZLUN Á aðal braut C. P. R. í Saskatchewan bæ með 1200 íbúum, enginn keppinautur, fólk af öllum stigum. Eigandin nauðbeygður að flytja til Winnipeg. Þú getur því fengið verzlunina fyrir $400 til $500 í peningum út í hönd og taka að þér stórsölu skulda lukninga fyrir afganginum.

KLÆÐASÖLU VERZLUN Í BORG Í Alberta, með 17,000 íbúa, þar sem 35 verksmiðjur eru starfandi. Vörurnar eru kvennfatnaðir, kápur, kjólar, treyjur, sokkar, vetlingar, o.s.frv. Vöru byrgðir og innanstoks munir um $11,730. Verzlunarhús 19x56 með stórum, þægilegum gluggum í stein stórhýsi á strætishorni. Vöru byrgðir verða seldar fullu verði, aðrir munir með virðinga verða. $3000 fyrsta borgun, afgangur eftir samkomulagi.

LÆKNIS UMDÆMI, EITT HIÐ ELSTA og best þekta umdæmi í Manitoba síðan 1874. Núverandi læknir hefir verið þar átta ár. Heilsu lakleiki kemur honum til að selja. Viss ágóði $3500 til $4000. $1200 sem fyrsta borgun, afgangur eftir samkomulagi.

Besti farfi í öllum tilfellum er

RAMSAY'S PAINT

Vér seljum besta farfa fyrir innan og utan húss málningu, farfi sem endist betur en vanalegur tilbúinn eða samsettur farfi. Þér þurfið ekki að gera tilraunir, biðjið um **RAMSAY'S PAINT** og þér fáið "réttan farfa sem málar rétt."

VÉR HÖFUM MIKLAR BYRGÐIR AF:

Builders Harðvöru	Garðyrkjuverkfærum
Construction Harðvöru	Smiðatólum
Finishing Harðvöru	Handyðnar Verkfærum

CONTRACTORS Þér getið keypt hjá oss með heildsöluverði og skilmálum

Aikenhead Clark Hardware Co. Ltd.

BOYD BUILDING Cor. Edmonton and Portage PHONE MAIN 7150



Rafmagns— —ljóshjálmar

Niðursett verð

Sérlega fagur ljós hjálmur með þremur lömpum, mjög hentugur fyrir setustofu; verð aðeins..... $5.95

Ljóshjálmar þessir eru til sýnis í búð

BJÖRNS PÉTURSSONAR

horni Simcoe og Wellington St.

hjá honum má skilja eftir pantanir. Þetta tilboð stendur aðeins fáa daga, hraðið því pöntunum. Peningar verða að fylgja öllum pöntunum.

Alskonar ljósvíralagning fljótt af hendi leyst.

50c. aukagjald fyrir að setja inn ljósahjálma þar sem vírar liggja innaní pípum.

M. A. McIntyre

Phone S 3045, 612 Alverstone St

LEIÐBEININGARSKRÁ FYRIR VIÐskiftamenn vora, er altaf við hendina. Þar getið þér lesið um öll hin mörgu gróða fyrirtæki sem vér höfum á boðstólnum. Verzlunarhús, bújarðir, húseignir, veðlán, hús til leigu, og fleira. Leiðbeiningar þessar eru yðar til afnota og það er ósk vor að þér notið þær sem best.

THE WESTERN BROKERAGE AND BUSINESS EXCHANGE.

Telephone Main 7813

YFIRLÝSING

Heiðraði ritst. Hkr.

Í tilefni af fréttagrein frá Wild Oak og Langruth, er birtist í Hkr. 19. marz, 1914, undirrituð, 'Fregnriti' vil ég biðja þig fyrir eftirfarandi línur.

Af því mér er alment í þessari bygð kent um að hafa ritað þetta bréf, neyðist ég til, þó eftirsjá vert sé, að afbiðja þann heiður að vera höf. þess. Ég tek það því hér fram eindregið að ég á ekki einn staf í því, og vissi ekkert um það fyr en ég las það í blaðinu. Og þessu til staðhæfingar, tek ég þig, heiðraði ritst. Hkr. fyrir vitni. Ég er hér öllum ókunnur, hefi því næst hvergi farið frá Langruth síðan ég kom hingað; gæti því mjög fátt sagt í fréttum héðan. Og hvað snertir þetta umtalaða samsæti þá heyrði ég ekki um það fyr en á eftir. Mér er sagt að þetta umrædda fólk sé mjög vandað og gott fólk og háðglósur í þess garð því mjög illa tilfallnar. Ég vona að þessi yfirlýsing mín dugi til að sannfæra alla heilvita menn um afstöðu mína í þessu máli, og ég verði allra vinsamlegast afsakaður án meiri fyrirhafnar af minni hálfu.

Þinn með virðingu,

S. B. BENEDICTSSON

Langruth, Man., 21. apríl, 1914.

Bæjarlóðir Vesturlandsins

Ef þér hafið þær á boðstólum, komið til vor. Vér skulum selja þær fyrir yður eða skifta á þeim og lóðum í Winnipeg. Vér höfum til sölu bújarðir, hús og lóðir.

J. S. SVEINSON & CO.

Phone Main 2844 710 McINTYRE BLK. Winnipeg

BRICK HÚS TIL LEIGU

með 12 herbergjum. Nýmálað og pappírað að innan. Á þægilegum stað í vestur bænum, mjög rýmilegir skilmálar.

H. J. Eggertson 204 McINTYRE Blk. Phone Main 3364

Óviðjafnanleg sala á kvenna klœðnaði

Innfluttir klæðis fatnaðir.

Tízkan—sú allra nýjasta og tilbúningur sá besti.

Úrvalið—hið fjölbreyttasta í vesturlandinu.

Verðgæði—dollarinn hérumbil tvöfaldast í þessu tilfelli.

Þessir klæðnaðir eru gerðir af nýjasta honey-comb klæði, cords, eponge, crepon, gaberdine, wool poplin og annari vefnaðar vörn.

Litbreytingar og litir eru algjörlega nýmóðins.

Heimsæðið "Fairweathers" oft og mörgum sinnum það borgar sig. Þér vitið hve mikils virði það er að hafa fyrsta tækifæri að velja.

$25.00 to $32.50	$35 00 to $37.50	$40.00 to $45.00
fyrir	fyrir	fyrir
$17.50	$22.50	$34.50

Aðrir munir með sérstöku verði þessa viku.

Dress Waists	Ladies' Trimmed Hats	Sports and motor coats
in net shadow lace and crepe de chine.	special value	Short and long lengths
$3.75	$8.50	$14.50--$16.50

Fairweather & Co. Ltd.

297-299 Portage Avenue

Toronto WINNIPEG Montreal

fór að drekka, þá var úti um alt samkomulag. Ég reyndi að vernda hana frá þeim lesti, en gat ekki'.

Laura sat þegjandi við hlið hans og huldi andlitið í höndum sér.

'Ég hefi ekki meira að segja. Þegar ég sá þig fyrst og feldi ástarhug til þín, var ég eiginmaður Chicots. Ég hafði enga heimild til að nálgast þig, en gat ekki varist því. Þegar árið var nærri liðið frá dauða frænda míns, kom mér til hugar, að skeð gæti, að mér hepnaðist að halda í auðinn með því að giftast þér til málamynda, og svo, ef mér lánaðist að losna úr fjötrum mínum, að giftast aftur — eins og við líka gerðum'.

Hann þagnaði, en hjá Láru heyrðist þungur grátekki.

'Lára, getur þú kent í brjósti um mig og fyrirgefið mér? Í nafni guðs almáttugs bið ég þig að segja, að ég sé ekki að öllu leyti fyrirlitlegur í þínum augum!

'Fyrirlitlegur, nei', sagði hún og sneri náföla, tárvota andlitinu að honum —, 'ekki fyrirlitlegur, í mínum augum gætir þú aldrei orðið það. En þú hefir breytt ranglega, svo ósegjanlega ranglega. — Hugsaðu þér, hverja heisu þú hefir gert okkur báðum. Var auður Jasper Trevertons þess virði fyrir okkur, að þú skyldir gera þig sekan um svik, til þess að ég fengi hann?'

'Svik?'

'Já, skilurðu ekki, að hin fyrri gifting okkar, sem í rauninni var engin gifting, var svik og lævísi, svo að hvorugt okkar hefir neina heimtingu á eignum Jaspers Trevertons, og að þær tilheyra eingöngu sjúkrahúsinu? Við höfum enga heimild til að vera í þessu húsi, og við höfum ekkert annað að lifa af, en eignir mínar, en þær eru nægar fyrir okkur, Jón, ég er ekki hrædd við fátæktina, þegar ég er hjá þér.

En ég vil ekki vera hér við þessa skömm og þetta leyndarmál í huganum. Við verðum að gera þeim herrum Clare og Sampson aðvart undir eins, og segja þeim sannleikann'.

Maður hennar knéféll fyrir framan hana og leit gleðigeislandi augum upp til hennar.

'Elskan mín góða, þú hefir gert mig of gæfurikan — þú fyrirlitur mig ekki, þú yfirgefur mig ekki. Fátæktina. Nei, hana hræðist ég ekki, Lára. Ég hefi að eins borið kviðboga fyrir, að missa ást þína, og einungis af þeirri ástæðu hefi ég þagað til þessarar stundar'.

'Þú missir aldrei ást mína, góði vinur. Hún var gefin þér af frjálsum vilja og verður aldrei aftur tekin. En ef þú vilt hlotnast virðingu mína, verður þú að bæta úr þessu ranglæti þínu og breyta heiðarlega og djarflega'.

'Við skulum tala um þetta við hlutaðeigendur í kveld, og verða á undan Eðvarð Clare með það'.

'Hvað þá? Veit Eðvarð nokkuð um þetta?'

'Hann veit, að Chicot og ég erum sami maður'.

'Ó, þá skil ég vonda augnatillitið hans til þín kvöldið sem við höfðum fyrsta samsætið'.

Hana hrylti við að hugsa um það, að maður hennar var þessi Chicot, sem grunaður var um hið hryllilegasta morð.

'Ég er hrædd um, að Eðvarð sé leynilegur fjandmaður þinn', sagði hún eftir stutta þögn.

'Ég er viss um, að hann er það, og hann er að búa sig til að koma fram sem opinber óvinur minn. Þess vegna verður það sigur fyrir mig, að hefja upptökin og afsala mér öllum eignum Jasper Trevertons.

32. KAPÍTULI.

Prestinum var rétt sendibréf, þegar hann var nýsestur að dagverðarborðinu ásamt fjölskyldu sinni. Presturinn borðaði dagverð kl. 5 á sunnudögum, eyddi til þess klukkustund og svo 50 mínútna hvild á eftir, áður en hann fór að heiman til að halda kveld-guðsþjónustuna.

'Frá Manor House', sagði stofuþernan. Það er beðið eftir svari'.

'Því er fólk að senda mér bréf um dagverðartímann?' sagði prestur. 'Frá Treverton? Hvað skrifar hann um?'

Eðvarð Clare leit upp spyrjandi.

'Óskar að sjá mig eftir messu í kvöld — áríðandi málefni', sagði presturinn. 'Súsanna, segðu sendisveini hr. Trevertons, að ég skuli vera í Manor House fyrir kl. 9'.

Eðvarð varð hugsandi. Skal Jón Treverton ætla að tæla föður minn til að sjá í gegnum fingur við sig út úr erfðaskrársvikunum? hugsaði hann. Hann bar ekkert traust til hygginda eða staðfestu föður sins.

'Mér geðjast illa, að vera á ferð á kveldin í slíku veðri', sagði prestur, 'en Jón Treverton hefir eitthvað markvert að segja mér, og því verð ég að fara'.

Tom Sampson sat við ofninn og drakk te, þegar hann fékk einnig bréf frá Treverton, sem bað hann að koma milli 8 og 9 um kveldið.

'Mér þykir slæmt, að ómaka yður í viðskifta skyni á sunnudag, en málefnið þolir enga bið', skrifaði Jón.

'Hafa menn heyrt annað eins?' sagði Eliza, þegar bróðir hennar hafði lesið bréfið hátt.

Svo fór ungfrú Sampson að hugsa um, hvað það gæti verið, sem bróðir hennar ætti að gera á Manor House.

Á slaginu kl. hálfníu kom Sampson til Manor House og var vísað inn í bókhlöðuna, sem var langt en mjótt herbergi með þremur gluggum. Í miðju herberginu stóð borð með tveim ljósum, sem gerðu miðju þess bjarta, en til beggja enda var skuggsýnt. Eldur logaði í ofninum, og settist Sampson hjá honum og beið húsráðanda.

Eftir langa bið var dyrunum lokið upp og inn kom séra Clare.

Þeir urðu báðir hissa yfir því, að hittast þarna, en sögðu þó hvor öðrum, hvernig á komu þeirra stæði.

'Það hlýtur að vera eitthvað markvert', sagði Clare.

'Eitthvað viðvíkjandi óðalinu', sagði Sampson, 'annars hefði hann ekki kallað okkur báða'.

Jón Treverton og kona hans komu bæði inn, þau voru föl og svipur Láru sýndi djúpa sorg.

'Hr. Clare, hr. Sampson, ég hefi sent boð eftir ykkur, þar eð þið eruð umsjónarmenn eftirlátinna eigna Jasper Trevertons, frænda míns', sagði Jón, þegar hann var búinn að biðja Sampson afsökunar á því, að láta hann bíða svo lengi og laga til sæti handa Láru við ofninn.

'Nafnið er ekki rétt', sagði Sampson, 'okkar afskifti, samkvæmt erfðaskránni, hættu, þegar þið giftust. Við höfum að eins umsjón með dánargjöfinni, sem Láru öðlaðist fyrir 16 árum, og hjúskaparskilmálunum, sem voru samdir, þegar giftingin átti sér stað'.

'Ég hefi sent boð eftir ykkur til að segja, að ég